



SAMÞYKKTIR

**um gatnagerðagjöld, stofngjald fráveitu, byggingaleyfisgjald, gjöld vegna skipulagsvinnu,
afgreiðslu, þjónustugjöld og gjaldskrá vatnsveitu Langanesbyggðar**

I. KAFLI Almennt 1.gr. Almenn heimild

Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í sveitarféluginu Langanesbyggð skal greiða byggingaleyfisgjald og afgreiðslu og þjónustugjöld skv. samþykkt þessari í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010. Af öllum nýbyggingum og viðbyggingum í þéttbýli í sveitarféluginu Langanesbyggð skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt samþykkt þessari, sbr. 12. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006. Einnig skal greiða vegna sömu framkvæmda tengigjald holræsa skv. lögum um hollustuhætti og mengunar varnir nr. 7/1998. Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu eru lögð á skv. heimild í 20. gr. skipulagslagu nr. 123/2010.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins 205.043 kr./fm, byggingarvísitala 135,8 stig í okt. 2017.

II. KAFLI Gatnagerðargjald 2.gr

Ráðstöfun gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar í sveitarféluginu, viðhalds gatna og annarra gatnamannvirkja. Tengi- og heimæðargjöld aðveitna og fráveitu eru innheimt sérstaklega og ekki innifalin í gatnagerðargjaldi.

3.gr.

Gjaldstofn gatnagerðargjalds

Gatnagerðargjald er tvíþætt. Annars vegar er það vegna nýrra bygginga og hins vegar vegna stækunar á eldra húsnæði.

Stofn til álagningar gatnagerðargjalds er fermetrafjöldi byggingar á tiltekinni lóð. Gjaldstofninn er ákveðinn á eftirfarandi hátt:

- a. Þegar sveitarfélagið úthlutar eða selur lóð eða byggingarrétt á lóð er gatnagerðargjald lagt á í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem heimilt er að reisa á viðkomandi lóð samkvæmt gildandi deiliskipulagi.
- b. Þegar gatnagerðargjald verður ekki lagt á skv. a-lið, eða ef byggingaleyfi er veitt fyrir stærri byggingu en álagning skv. a-lið var upphaflega miðuð við, er við útgáfu byggingaleyfi lagt á gatnagerðargjald í samræmi við fermetrafjölda þeirrar byggingar sem byggingaleyfi tekur til.

Við álagningu skv. b-lið 2. mgr. skal miða við stærð húss samkvæmt samþykktum uppdráttum og ÍST 50.

4. gr.

Útreikningur gatnagerðargjalds

Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis, eins og hann er hverju sinni samkvæmt útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987. Þessi byggingarkostnaður er í okt. 2017, 222.881 kr./m².

Allar fjárhæðir í þessari samþykkt taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. Gjaldskráin gildir jafnt fyrir leigulóðir og eignarlóðir þar sem sveitarfélagið stendur að gatnagerð. Gjöld upp talin í þessari grein hér að neðan gilda á Þórshöfn og Bakkafirði.

Hundraðshluti byggingarkostnaðar ákvárdast eftir hústegund svo sem hér segir:

| | Lágmarksgjald |
|---|---------------------------|
| Einbýlishús með eða án bílgeymslu | 8,5% kr. 4.401.117 |
| Parhús með eða án bílgeymslu | 7,5% kr. 3.520.893 á íbúð |
| Raðhús með eða án bílgeymslu | 7,0% kr. 3.168.804 á íbúð |
| Fjölbýlishús með eða án bílgeymslu | 4,0% kr. 2.636.132 á íbúð |
| Versl.-þjónustu, iðnaðar og annað húsnæði | 3,5% kr. 4.401.117 |
| Hesthús og önnur gripahús í péttbýli | 2,0% kr. 1.695.629 |

Lágmarksgjald skv. 1. mgr. skal aldrei vera hærra en sem nemur 15% af byggingarkostnaði fermetra í vísitöluhúsi fjölbýlis eins og hann er hverju sinni skv. útreikningum Hagstofu Íslands á grundvelli laga nr. 42/1987, um vísitölu byggingarkostnaðar.

Þegar veitt er byggingarleyfi fyrir endurbyggingu, breytingu eða breyttri notkun húsnæðis þannig að hún færst í hærri gjaldflokk sbr. 1. mgr. skal greiða gatnagerðargjald sem svarar til mismunar hærri og lægri gjaldfloksins. Lóðarhafi eða byggingarleyfishafi þar sem það á við, á ekki rétt á endurgreiðslu ef bygging færst í lægri gjaldflokk við slíka breytingu.

5.gr

Undanþágur frá greiðslu gatnagerðargjalds

Undanþegnar greiðslu gatnagerðargjalds eru eftirtaldar byggingar:

- Lagnakjallrar og aðrir gluggalausir kjallrar, sem aðeins er gengið í innan frá.
- Óeinangruð smáhýsi, minni en 12 fermetrar, fyrir stærri garðhús er greitt sama gatnagerðargjald og fyrir hesthús.
- Sameiginlegar bifreiðageymslur fyrir þrjár eða fleiri bifreiðir.

6. gr.

Heimild til lækkunar eða niðurfellingar gatnagerðargjalds

Sveitarstjórn getur lækkað eða fellt niður gatnagerðargjald af einstökum lóðum sveitarfélaginu við sérstakar aðstæður sbr. ákvæði 6. gr. laga um gatnagerðargjald nr. 153/2006.

7.gr.

Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld

Um samninga um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við sveitarfélagið Langanesbyggð fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem sveitarstjórn hefur sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi og lóðareigandi hefur undirgengist, fer eftir gjaldskrá um gatnagerðargjöld í Langanesbyggð frá 25. janúar 2008.

8.gr.**Áfangaskipti framkvæmda.**

Í þeim tilvikum þegar lóðarhafi hyggist byggja hús, annað en íbúðarhús, í áföngum, getur bæjarstjórn heimilað slíka áfangaskiptingu og þá skal gatnagerðargjald hverju sinni greiðast samkvæmt þeiri samþykkt sem í gildi er þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið.

Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í lóðarumsókn að hann ætti að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum og hvenær hann hyggst hefja framkvæmdir á sérhverjum byggingaráfanga.

Verði heimiluð áfangaskipti falla áætluð gjöld í gjalddaga við upphaf hvers byggingaráfanga í samræmi við áform lóðarhafa við úthlutun lóðarinnar.

III. kafli**Tengigjald fráveitu.****9.gr****Stofngjald**

Stofngjald holræsa fyrir tengingu er kr. 199.310 pr. tengingu við við fráveitukerfi sveitarfélagsins.

Árlegt fráveitugjald er 0,225% af heildarálagningarástofni. Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og sveitarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts.

IV. KAFLI**Byggingarleyfisgjöld****10.gr****Flokkun bygginga og gjaldskrá**

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða byggingarleyfisgjald fyrir útgáfu á byggingarleyfi.

Innifalið í byggingarleyfisgjaldi er ein yfirferð aðaluppdrátta, byggingarleyfi, útmæling fyrir greftri, útmæling og hæðarsetning fyrir uppslætti og útsetning lóðar, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

Fyrir byggingarleyfi nýrra húsa, viðbygginga, breytinga húsa, verulegra breytinga innan lóða og samþykki fyrir breyttri notkun greiðist fast gjald kr 42.712. Að auki greiðist fyrir hvern fermetra nýbygginga og viðbygginga skv. eftirfarandi:

| | |
|--|----------------------------|
| Íbúðarhúsnæði, bílskúrar, hótel, verslanir, skrifstofur | kr. 400 per m ² |
| Iðnaðarhús, verkstæði, virkjanir | kr. 315 per m ² |
| Gripahús, hlöður, vélageymslur, tankar, ker, þrær o.s.frv. | kr. 242 per m ² |
| Frístundahús, veiðihús, fjallaskálar o.s.frv. | kr. 679 per m ² |

V. KAFLI

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa og skipulagsvinnu

11.gr

Gjöld vegna framkvæmdaleyfa

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjald fyrir veitingu framkvæmdaleyfa vegna þeirra framkvæmda sem afla þarf framkvæmdaleyfis fyrir. Gjaldið má ekki vera hærri upphæð en nemur kostnaði við undirbúning og útgáfu leyfisins auk kostnaðar við tilheyrandi eftirlit með framkvæmdum. Lágmarksgjald vegna veitingar framkvæmdaleyfis er kr. 93.440. Innifalið í framkvæmdaleyfisgjaldi er kostnaður bæjarins vegna útgáfu og undirbúnings leyfisveitingar auk kostnaðar við eftirlit.

12.gr

Gjöld vegna skipulagsvinnu

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjald fyrir grenndarkynningar og deiliskipulagsbreytingar eins og hér greinir.

| | | |
|--|-----|----------|
| Umfangslítil grenndarkynning vegna byggingarleyfis | kr. | 21.857- |
| Almenn grenndarkynning vegna byggingarleyfis | kr. | 33.974- |
| Lítill breyting á deiliskipulagsupprætti eða lóðarblaði | kr. | 73.609- |
| Grenndarkynning vegna breytingar á deiliskipulagi | kr. | 33.974- |
| Afgreiðsla deiliskipulagsbreytingar skv. 2. mgr. 43. gr. | kr. | 101.921- |
| Afgreiðsla deiliskipulagsbreytingar skv. 1. mgr. 43. gr. | kr. | 135.893- |
| Afgreiðsla nýs deiliskipulags skv. 40. og 41. gr. | kr. | 135.893- |

Greitt er fyrir hvern þann lið hér að ofan sem sveitarfélagið þarf að vinna við fullnaðarafgreiðslu deiliskipulags eða deiliskipulagsbreytingar. Afgreiðslur hér að ofan innifela kostnað við umfjöllun sveitarfélagsins auk auglýsinga um kynningu skipulagsins og gildistöku.

Landeigandi eða framkvæmdaaðili getur óskað eftir því við bæjarstjórn að gerð sé tillaga að deiliskipulagi eða breytingu á deiliskipulagi á sinn kostnað. Um ferli slíks deiliskipulags fer skv. 40. og 41. gr. skipulagslagi.

VI. KAFLI

Afgreiðslu- og þjónustugjöld

13. gr.

Gjaldskrá

Greiða skal fyrir þjónustu og leyfisveitingu sem byggingarfulltrúi veitir umfram þá sem innifalin er í byggingarleyfisgjaldi.

| | | |
|---|-----|----------|
| Hver endurskoðun aðaluppdráttu | kr. | 21.857- |
| Afgreiðslugjald og endurnýjun leyfis án breytinga | kr. | 21.857- |
| Aukavottorð um byggingarstig og stöðuúttekt | kr. | 21.857- |
| Vottorð vegna vínveitingaleyfa | kr. | 21.857- |
| Eignaskiptayfirlýsingar, hver umfjöllun | kr. | 21.857- |
| Gjald fyrir lóðarúthlutun | kr. | 108.941- |
| Gjald fyrir framlengingu lóðarúthlutunar | kr. | 43.599- |
| Fyrir breytingu á lóðarsamningi | kr. | 21.857- |



| | |
|---|-------------|
| Fyrir breytingu á lóðarblaði eða gerð nýs lóðarblaðs | kr. 21.857- |
| Húsaleiguúttektir | kr. 21.857- |
| Útkall byggingarfulltrúa að óþörfu | kr. 21.857- |
| Afgreiðsla stöðuleyfis | kr. 21.857- |
| Fyrir hverja auka útsetningu lóðar/húss; pr.mælingu | kr. 21.857- |
| Ljósritun: A4: 159 kr per blað, A3: kr. 317 kr/per blað | |

VII. KAFLI

Greiðsluskilmálar, lögveðsréttur og endurgreiðslur

14. gr.

Greiðsluskilmálar

Gatnagerðargjöld (skv. 4. gr.), tengigjöld frá veitu (skv. 9. gr.) og byggingarleyfisgjöld (skv. 10. gr.) skal greiða innan mánaðar frá veitingu byggingarleyfis í bæjarstjórn, ella öðlast leyfi ekki gildi.

Heimilt er að semja um greiðslufrest og skal það gert skv. sérstökum greiðslusamningi. Gjöld vagna skipulagsvinnu skv. 12. gr skal greiða áður en gildistaka skipulags er auglýst. Þjónustugjöld skv. 13. gr. skal greiða innan mánaðar frá því að þjónustan var veitt.

15.gr.

Ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds. Lögveðsréttur.

Lóðarhafi leigulóðar og eigandi eignarlóðar ber ábyrgð á greiðslu gatnagerðargjalds.

Gatnagerðargjald er ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði tryggt með lögveðsrétti í viðkomandi fasteign með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveð og aðfararveði.

16. gr.

Endurgreiðsla gatnagerðargjalds

Gjöld samkvæmt 4. og 9. gr. gjaldskrár þessarar skulu endurgreidd ef lóðarhafi skilar úthlutaðri lóð eða ef lóðarúthlutun er afturkölluð. Hafi útsetning skv. byggingarleyfi ekki farið fram og framkvæmdir ekki hafist getur umsækjandi fengið helming byggingarleyfisgjalda skv. 10. gr. endurgreiddan. Þar með fellur byggingarleyfi niður. Endurgreiðslu vegna 4.9. og 10. gr. er heimilt að fresta þar til lóð hefur verið úthlutað að nýju og en þó ekki lengur en í sex mánuði. Gjöld þessi skulu endurgreidd á nafnveðri án verðbóta og vaxta og skuldaviðurkenningar skulu ógildar á sannanlegan hátt. Ekki koma til bætur vegna hugsanlegra framkvæmda á lóðinni.

Gjöld vegna skipulagsvinnu skv. 12. gr. og þjónustugjöld samkvæmt 13. gr. eru óendurkræf.

Um endurgreiðslu fer að öðru leyti skv. 9. gr. laga um gatnagerðargjald nr.153/2006.



VIII. KAFLI

Gjaldskrá vatnsveita Langanesbyggðar.

17. gr.

Fjárhæðir í samþykkt þessari taka breytingum 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði. Byggingarvísitala 135,8 stig í okt. 2017.

Vatnsgjald Vatnsveitu Langanesbyggðar er 0,30% af fasteignamati fyrir íbúðarhúsnæði og annað húsnæði sem tengt er vatnsveitunni sem ákveðið er að sveitarstjórn ár hvert.

18. gr.

Notkunargjald skv. 13. gr. reglugerðar fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005, skal vera 39 krónur á hvern mældan eða áætlaðan rúmmetra vatns.

19. gr.

Leigugjald vatnsmæla samanber 14 gr. fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og fer eftir sverleika heimæðar. Leigugjald skal greiða árlega og vera sem hér segir:

| | |
|---------------------|------------|
| < 50 mm sverleiki | kr. 4.726 |
| 50-100 mm sverleiki | kr. 11.815 |
| >100 mm sverleiki | kr. 23.630 |

Vatnsnotandi skal greiða kostnað við uppsetningu á mæli samkvæmt reikningi.

20. gr.

Heimæðargjald skal taka mið af gerð stærð og lengd heimæðar samkvæmt lögum nr. 32/2004 Miðað er við að ídráttarrör hafi verið lagt á frostfríu dýpi frá lóðarmörkum að inntaksstað mannvirkisins og frágangur hafi verið samþykktur af tæknideild Langanesbyggðar.

| Þvermál inntaks | Fastagjald kr. | Metragjald kr. |
|-----------------|----------------|----------------|
| 32 mm | 53.168 | 591 |
| 40 mm | 70.890 | 709 |
| 50 mm | 88.613 | 827 |
| 63 mm | 106.336 | 945 |
| 75 mm | 124.059 | 1.063 |
| 90 mm | 141.781 | 1.182 |

Heimæðargjald fyrir inntök stærri en 90 mm verður reiknað sérstaklega af tæknideild Langanesbyggðar Aukakostnaður: Vanti ídráttarrör eða að ídráttarrör reynist ónothæft greiðist 6.498 kr/m vegna skurðgraftar og ídráttarrörs.



IX KAFLI

Gildistaka

21. gr.

Samþykktir og gjaldskrár eru samþykktar í sveitarstjórn Langanesbyggðar, 23.11 2017 skv. heimild í lögum nr. 153/2006 um gatnagerðargjald, skipulagslögum nr. 123/2010, lögum um mannvirki nr. 160/2010 og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. og á grundvelli laga um vatnsveitur nr. 32/2004 og reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og tekur þegar gildi.

Samþykkt og gjaldskrá öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá um gatnagerðargjöld sem samþykkt var í sveitarstjórn Langanesbyggðar 15. desember 2016.

Samþykkt í sveitarstjórn 23. nóvember 2017.

Elías Pétursson, sveitarstjóri.